

BYGGINGARLISTARSTEFNA AKUREYRARBÆJAR

1 Inngangur

Aðdragandi

Á undanförunum árum hefur annað slagið vaknað umræða meðal byggingar- og skipulagsyfirvalda á Akureyri um gæði nýbygginga. Nokkurrar óánægju hefur gætt með hönnun og framkvæmdir bæði inni í eldri hverfum og á nýbyggingasvæðum. Þessi óánægja hefur m.a. beinst að innra fyrirkomulagi íbúða, útlitshönnun og aðlögun að landslagi og nærliggjandi húsum.

Í ljósi þessa skipaði Akureyrarbær samstarfshóp árið 1993 með fulltrúum hönnuða, fagmanna í byggingariðnaði, neytendasamtaka og byggingarfulltrúa. Markmiðið var að vekja menn til umhugsunar um málefni byggingariðnaðarins og kanna leiðir til að bæta hönnun og byggingarframkvæmdir. Einnig var tilgangurinn að leita leiða til að auðvelda almenningi val út frá gæðum íbúða og íbúðarhverfa. Hópurinn aflaði ýmissra upplýsinga og lagði drög að tillögum um úrbætur, bætt vinnubrögð og vandaðri undirbúningi framkvæmda. Af ýmsum ástæðum hafa þessar tillögur ekki verið teknar saman og birtar.

Við endurskoðun aðalskipulags Akureyrar árið 1995 - 1998 þótti ástæða til að fylgja umræðunni eftir og skoða á hvern hátt aðalskipulag gæti sem stjórnþæki bæjarfélagsins í umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum stuðlað að vandaðri umhverfismótun og hönnun bygginga í bænum.

Í samhengi við umræðuna um þennan þátt aðalskipulagsins gerði byggingarnefnd Akureyrar sérstaka bókun á hátíðarfundum í tilefni 140 ára afmælis nefndarinnar 29. maí 1997:

Byggingarnefnd Akureyrar hefur að markmiði að stuðla að öruggu, notadrjúgu, fallegu og menningarlegu búsetu- og atvinnuumhverfi, með því að gera kröfur um vandaða hönnun og faglega vinnu við framkvæmdir og frágang bygginga og umhverfis. Vernda ber þann menningararf sem felst í eldri byggingum og mannvistarminjum með varðveislugildi. Efla þarf fræðslu um byggingar og byggingarlist í grunn- og framhaldsskólum landsins svo notendur framtíðar hafi forsendur til að að meta gæði húsa og umhverfis. Byggingarnefnd Akureyrar vill stuðla að sem fegursti bæjarmynd Akureyrar, en það er sú heildarmynd sem landslag, gróður, byggingar, opin svæði og annað manngert umhverfi með fjöllum og sjó sem umgjörð, skapa íbúum og gestum til fjölbreyttra athafna. Þannig verði eftirsóknarvert að eiga Akureyri sem heimabæ.

Skipan starfshóps og störf

Þann 14. janúar árið 2000 samþykkti skipulagsnefnd Akureyrar eftirfarandi tillögu ásamt kostnaðaráætlun. Tillögunni fylgdi nánari greinargerð.

Skipulagsstjóri leggur til að með hliðsjón af markmiðum aðalskipulags Akureyrar 1998 - 2018 um hönnun bygginga verði skipaður starfshópur sem geri tillögu að byggingarlistarstefnu Akureyrarbæjar. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum bæjarstjórnar, hönnuða og byggjenda. Starfshópurinn getur leitað aðstoðar sérfræðinga eftir þörfum.

Markmið Akureyrarbæjar sem byggingarlistarstefnan byggist á, er að nýbyggingar og breytingar á eldri byggð á Akureyri skuli geta talist góð byggingarlist sem virðir og bætir bæjarmyndina (Aðalskipulag Akureyrar 1998 ? 2018).

Í byggingarlistarstefnu bæjarins felist:

- *Yfirlýsing um gæði bygginga bæjarins hvort sem er nýbygginga og endurbóta eldri húsa. Í henni skal m.a. kveðið á um það hvernig staðið skuli að hönnun, undirbúningi, byggingu, viðhaldi og rekstri húseigna bæjarins og annarra bygginga á Akureyri með það að markmiði að talist geti góð byggingarlist.*
- *Fræðsluvettvangur fyrir almenning og fyrirtæki.*
- *Árleg byggingarlistarverðlaun menningarmálanefndar.*

- *Jafnframt verði stefnt að því að haustið 2000 haldi Akureyrarbær ráðstefnu undir yfirskriftinni ?Byggingarlistarstefna ríkis og sveitarfélaga? og er gert ráð fyrir slíku ráðstefnuhaldi í fjárhagsáætlun skipulagsnefndar og byggingarnefndar.*

Hugmynd um skipan starfshóps:

- *Þrjú fulltrúar tilnefndir af bæjarstjórn Akureyrar (bæjarfulltrúi, nefndarmenn í byggingarnefnd, skipulagsnefnd, menningarmálanefnd).*
- *Tveir fulltrúar tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands.*
- *Einn fulltrúi tilnefndur af Meistarafélagi byggingamanna á Norðurlandi*
- *Einn fulltrúi tæknimenntaðra hönnuða eða fulltrúi bandalags íslenskra listamanna.*
- *Tveir fulltrúar byggingarfulltrúa og Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar verða starfsmenn nefndarinnar og sitja fundi hennar.*
- *Greitt verði fyrir nefndastörf í samræmi við nefndalaun Akureyrarbæjar.*

Bæjarstjórn Akureyrar skipaði Ásthildi Lárusdóttur, Sigurð Hermannsson tæknifræðing og Odd Helga Halldórsson bæjarfulltrúa í starfshópinn. Auk þeirra voru tilnefnd í hópinn: Sigurður Sigurðsson, forstjóri, fyrir hönd Meistarafélags byggingarmanna á Norðurlandi, Sólveig Baldursdóttir fyrir hönd Bandalags íslenskra listamanna og arkitektarnir Fanney Hauksdóttir og Pétur H. Ármannsson fyrir hönd Arkitektafélags Íslands. Með nefndinni hafa einnig starfað Jón Geir Ágústsson fyrrverandi byggingarfulltrúi og Árni Ólafsson fyrrverandi skipulagsstjóri og Bjarni Reykjálín, deildarstjóri Umhverfiseildar.

Starfshópurinn hefur haldið 9 fundi. Starfshópurinn kynnti sér það sem gert hefur verið á þessu sviði í nágrannalöndum okkar, m.a. byggingarlistarstefnu finnsku ríkisstjórnarinnar, stefnumörkun dönsku ríkisstjórnarinnar og byggingarlistarstefnu Vejle-bæjar í Danmörku, sem er ágætt dæmi um stefnumörkun sveitarfélags.

Hlutverk byggingarlistarstefnu

Hlutverk byggingarlistarstefnu Akureyrarbæjar er:

- að vera leiðarvísir og viðmiðun í byggingar- og skipulagsmálum bæjarfélagsins.
- að stuðla að bættri húsagerðarlist og auðvelda umræðu meðal bæjarbúa um gæði bygginga.
- að hvetja byggjendur og fyrirtæki til að standa vel að undirbúningi framkvæmda með það að markmiði að verk þeirra verði góð byggingarlist.

2 Um byggingarlist og bæjarmynd

Hvað er byggingarlist?

Byggingarlistin eða arkitektúrinn fjallar um hönnun og byggingu mannvirkja og mótun umhverfis þar sem notagildi, ending og fegurð eru samofin. Notagildi, tæknileg gæði, ending og hagkvæmni skipta meginmáli en ekki síst er það form, útlit og fegurð þessarar samþættingar sem einkennir góða byggingarlist.

Gott og aðlaðandi bæjarumhverfi hefur afgerandi þýðingu íbúa hvers bæjar, lífsgæði þeirra og uppvaxtarskilyrði barna og unglinga. Bæjarumhverfið skiptir atvinnulífið einnig miklu máli þar sem samhengi atvinnulífs og umhverfisþátta mótast búsetuumhverfið ásamt félags- og fræðsluferfi samfélagsins. Byggingar endast í áratugi og jafnvel aldir og hafa þarf í huga að bæði er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða. Því er mikilvægt að leggja áherslu á góða hönnun og að hagsmuna næstu kynslóða verði gætt ekki síður en okkar.

Byggingar bæjarins, hvort sem eru íbúðarhús, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða önnur mannvirki, mynda umgjörð um daglegt líf bæjarbúa. Bæjarumhverfið hefur mikil áhrif á líðan fólks og hegðan. Byggingarlistin skiptir að þessu leyti höfuðmáli í umhverfismótun allri, hvort sem litið er til hinna opinberu rýma bæjarins, gatna, garða og torga, eða til innri gerðar húsanna, íbúða og vinnustaða. Þannig mætti líta svo á að vandað og menningarlegt umhverfi væru sjálfsögð réttindi. Ábyrgð yfirvalda fælist í því að tryggja þessi réttindi með því að stuðla að vandaðri umhverfismótun

og mannvirkjagerð. Fegurð og vellíðan eru þættir sem nauðsynlegt er að gæta enn betur að í þessu samhengi en gert hefur verið hingað til.

Markmið um að byggingar skuli vera vönduð byggingarlist eru góðra gjalda verð en þær spurningar vakna hvernig og hver eigi að meta hvort um góða eða slæma byggingarlist er að ræða. Fagurfræðileg hlið byggingarmálanna hefur gjarnan verið deilumál og margir telja að byggingarlistræn gæði snúist um smekk eða hvað einum finnst fallegt og öðrum ljótt. Rökræða um þessi mál er því oft erfið.

En arkitektúr snýst ekki bara um smekk eða muninn á ljótum og fallegum húsum. Til þess að greina byggingarlistina nánar en það þarf þekkingu og getu til að sjá samhengi heildar og smáatriða, bygginga og umhverfis, t.d. hvernig einstakar byggingar ríma saman, nýjar og gamlar, og hvernig byggingar eru lagaðar að landslagi. Þannig koma fagurfræðileg sjónarmið inn í landslagshönnun, staðsetningu bygginga, hæð þeirra, umfang, lögun og hlutföll. Aðrir þættir eru huglægir og erfitt að segja til um fyrirfram hvernig þeir skuli vera. Oft er auðveldara að meta tillögu sem liggur fyrir og benda á það sem er ófullnægjandi en að segja fyrirfram hvaða kröfur hún skuli uppfylla.

En hvað er vönduð byggingarlist?

Arkitektúr felur í sér listræna vídd þar sem hið fagurfræðilega og sjónræna gegnir stóru hlutverki. Byggðin á að vera falleg, spennandi og bjóða upp á fjölbreytilega upplifun. Góður arkitektúr tekur tillit til ljóss og skugga, heildar og smáatriða, fjölbreytileika og samræmis, hlutfalla og jafnvægis, efna og samspils við nærliggjandi mannvirki og náttúrulegt umhverfi, notagildis og endingar. Þegar heilsteypt listræn hugmynd liggur að baki hönnunar húss er það góður arkitektúr.

Góður arkitektúr er ekki aðeins góð list heldur þurfa tæknilegir hlutir að vera í lagi og taka þarf tillit til hagkvæmnis- og umhverfissjónarmiða. Bygging gegnir alltaf einhverju ákveðnu hlutverki t.d. sem íbúð, skrifstofa, skóli eða safn. Innréttingar og fyrirkomulag húsnæðisins þarf að vera í samræmi við hlutverk þess. Byggingar þurfa því að vera þannig úr garði gerðar að þær þjóni tilgangi sínum vel, þ.e.a.s. séu góður rammi um hversdagslíf fólks, hvort sem um er að ræða heimili eða vinnustað. Tæknileg atriði eiga að vera í lagi, s.s. loftgæði, dagsljós, orkusparnaður og innréttingar sem hæfa þörfum hvers og eins. Tryggja þarf gott aðgengi fyrir alla og taka tillit til sérþarfa aldraðra og fatlaðra. Góður arkitektúr felur því í sér góða byggingartækni og sparar auðlindir og orku.

Góður arkitektúr fellur vel inn í umhverfið; götuna, hverfið, bæinn og landslagið. Í því felst einnig að tekið er tillit til veðurfars og sólarátta, bæði hvað varðar form húsa, tilhögun rýmis og tæknilausnir.

Við þetta má bæta að góður arkitektúr er í samræmi við staðhætti, veðurfar og byggingarhefðir landsins og ber vott um góðan skilning á híbýlaháttum og menningu. Byggingar þar sem ofangreind atriði fléttast saman eru annað og meira en góð hús. Þær eru markverð byggingarlist og því líklegar til að verða hluti af menningararfi þjóðarinnar og vitnisburður um listþroska og verkunnáttu kynslóðarinnar sem þær reisti.

Bæjarmynd og búsetuumhverfi

Hvað er bæjarmynd ?

Byggingar, landslag og gróður mynda rými bæjarins; götur, torg og garða. Bæjarmynd er samnefni yfir heildarmynd landslags, mannvirkja og rýma bæjarins.

Á undanförunum árum hefur umræðan í erlendum fagbókum og ritum um byggingarlist að miklu leyti beinst að hugtakinu bæjarmynd og ástæðum þess að sú mynd sem einkennir marga eldri bæi og borgarhluta hefur tapast á s.l. áratugum. Ekki er verið að skapa bæi og borgir sem stuðla að þeim fjölbreytileika, því félagslífi, samveru, samkennd, stolti og vellíðan sem þéttbýlið ætti að geta veitt okkur og menn telja ákjósanlegt. Sjónir manna hafa því beinst að því hvaða grundvallarþættir það eru sem líf í þéttbýli snýst um og sem gera bæ eða borg að góðum stað til að búa á. Út frá eftirsókn fólks eftir að búa í eldri borgar-/bæjarhlutum hafa menn litið til gamalla bæja og borga þar sem ofangreind atriði virðast einkenna borgarbraginn.

Það sem einkennir skipulag þessara gömlu, lifandi og fjölbreyttu borga er t.d. blöndun íbúða og atvinnustarfsemi, mikill þéttleiki, heildstætt listrænt yfirbragð og manneskjulegar stærðir bygginga sem mynda skýrt afmörkuð rými með vel skilgreind hlutverk. Víða er nú verið að reyna að draga þessi gömlu, þaulreyndu atriði aftur inn í borgarskipulag. Það getur þó reynst þrautin þyngrri enda var það ekki að ástæðulausu að skipulagsáherslur breyttust á sínum tíma. Ýmsar samfélagsbreytingar höfðu þar áhrif og hefur almenn bifreiðaeign sennilega haft hvað mest afgerandi áhrif á byggðamynstur og yfirbragð borga á síðari hluta 20. aldar.

Það sívaxandi rými sem þarf fyrir bílinn hefur vissulega haft neikvæð áhrif á bæjarmyndina. Þessi áhrif má sjá í breiðum götum og ósjálegum bílastæðaðflæmum sem gera bæi sundurlausa, gisna og allar fjarlægðir þar af leiðandi meiri. Vegna þess rýmis sem bíllinn krefst er erfiðara að láta byggingar mynda vel afmörkuð rými sem eru af þeirri stærð og í þeim hlutföllum sem fólk skynjar auðveldlega og líður vel að fara um. Mönnum er þó ljóst að bíllinn er kominn til að vera og vinna þarf út frá þeirri staðreynd, en reyna þarf á ríkara mæli að draga úr neikvæðum áhrifum af hans völdum.

Aðgreining mismunandi landnotkunar í stað blöndunar hefur gert hverfi einhæf og yfirbragð þeirra fábreytt. Gild rök voru fyrir aðskilnaði atvinnustarfsemi og íbúðasvæða á sínum tíma en nú má spyrja hvort ekki hafi verið of langt gengið og hvort aukið vægi þjónustugreina í atvinnulífínu kalli ekki á nýjar áherslur í landnotkunarskipulagi.

Bæjarmynd Akureyrar

Bæjarmynd Akureyrar hefur nokkra sérstöðu meðal bæja á landsbyggðinni. Gömlu hverfin eru stærri og heillegri en almennt gerist utan Reykjavíkur og 2-3 hæða hús með háu risi í brekku eru sérkennandi andlit bæjarins. Miðbærinn er vel afmarkaður og skilur sig frá öðrum bæjarhlutum sökum þéttleika, hæðar húsa og húsagerða. Þessi einkenni ásamt reisulegum húsum við Strandgötu, þétttri smáhúsabyggð á Oddeyri, gömlu timburhúsabyggðinni í Innbænum og steinsteypuhúsum frá fyrri hluta 20. aldar á neðri brekkunni gefa bænum skýr sérkenni. Timburhús með turnum og útsöguðu skrauti eru hluti af byggingararfi Akureyrar og finna má sérstök byggingarefni og frágang þeirra s.s. steinskífur og steinblikk.

Stór hluti nýrri hverfa bæjarins er hefðbundin einbýlishúsabyggð sem einkennist að miklu leyti af einnar hæðar húsum, fremur stórum lóðum og breiðum götum sem skýrir að hluta til hversu dreifð byggingin er og hversu langar vegalengdir eru innan bæjarins.

Yngri fjölbýlishúsahverfin, eins og Lundar- og Síðuhverfi, hafa sömu einkenni og fjölbýlishúsahverfi víða annars staðar. Hverfin eru að mörgu leyti sundurlaus með óskýra og ómarkvissa rýmismyndund og skortir það hlýja yfirbragð sem eldri hverfin hafa. Svæðin á milli fjölbýlishúsanna eru víða illa eða lítt nýtt sem bendir til þess að þau séu ýmist of stór, óljóst afmörkuð eða hafa ekki vel skilgreint hlutverk.

Svæði milli fjölbýlishúsa hafa gjarnan verið meðhöndluð sem afgangsstærð og ekki hefur verið hugað nægjanlega að tengslum bygginganna við útirýmin. Í Giljahverfi eru nokkuð aðrir tilburðir í þá átt að skapa bæjarmynd en í Lunda-, Síðu- og Hlíðahverfi, en það rými sem tekið er frá fyrir einkabílinn skemmir að mörgu leyti þær tilraunir. Rýmisþörf og áhrif einkabifreiðarinnar hefur mótað yngri hverfin að miklu leyti bæði með nauðsynlegum aðkomuleiðum, bifreiðastæðum, lágmarksfjarlægðum vegna hávaða og loftmengunar og slyshættu.

Náttúrulegt landslag bæjarins gefur honum skýr sérkenni. Klettaborgirnar eru einkennandi norðan til og þar er jafnvel landslagið sterkari þáttur en byggðin, t.d. í nágrenni Glerár. Bæjarbrekkurnar eru einkennandi til suðurs og í Innbænum fléttast byggð og brekka saman. Hlíðarfjall, Súlur og Glerárdalur búa síðan bænum sterka umgjörð. Trjágróðurinn er afgerandi þáttur í bæjarmyndinni og má segja að hann hafi lengst af skapað Akureyri sérstöðu meðal íslenskra bæja og sé hluti af ímynd bæjarins. Gróður á fjölbýlishúsalóðum er þó víða takmarkaður og þyrfti að leggja meiri rækt við hann.

Hér hefur verið bent á nokkur atriði sem einkenna bæjarmynd Akureyrar en ítarleg greining á sérkennum hennar er nauðsynleg forsenda fyrir stefnumótun og ákvarðanir sem lúta að verndun og þróun hennar. Svara þarf spurningum eins og hvað það er sem er sérkennandi fyrir Akureyri, hvað það er sem er eftirsóknarvert að varðveita, bæta og stuðla að í nýjum hverfum.

Verndun

Mikil verðmæti felast í byggingunum í bænum. Þessi verðmæti eru bæði fjárhagsleg og menningarsöguleg. Sagan og þróun samfélagsins er lesin úr byggingunum, samhengi tímans er áþreifanlegt í bæjarmyndinni þar sem mætast hús fyrri tíma og líf og starf nútímans. Hver bygging sem reist er ber sinni samtíð og menningu vitni. Það er skylda allra sem reisa hús að sjá til þess að verðgildi þeirra verði tryggt til framtíðar - bæði fjárhagslegt gildi, notagildi og hið menningarsögulega gildi.

Uppbygging og þróun bæjar getur ýmist bætt eða eyðilagt eldri byggingar, gömul hverfi og fornleifastaði. Líkt og það krefst skipulags og framsýni að byggja ný hverfi krefst það einnig skipulags ef vernda á eiginleika eldri byggðar. Markmiðið með vernd byggingararfsins er að varðveita félagslegar og menningarlegar upplýsingar, nýta þá auðlind sem felst í byggingunum og tengja nútímann við fortíðina. Byggingar og bæjarumhverfið endurspeglar sögu staðarins og menningu og eru hluti af minningum um fyrri tíma.

Verndun byggingararfsins getur verið með margbreytilegum hætti. Til langs tíma var áherslan á verndun einstakra húsa sem þóttu markverð sökum menningarsögulegs eða listræns mikilvægis. Í seinni tíð hefur áhersla aukist á verndun húsasamstæðna, götumynda og yfirbragðs heilla hverfa. Þannig fá hús sem ekki þykja markverð ein og sér varðveislugildi sem hluti af heild. Því er oft gerður greinarmunur á húsvernd annars vegar og hverfisvernd hins vegar.

3 Markmið

Gerum góðan bæ betri

Markmið með setningu byggingarlistarstefnu Akureyrar er að móta gott íbúðarumhverfi og fallega bæjarmynd og stuðla þannig að meiri lífsgæðum íbúanna og bættu umhverfi atvinnulífsins.

Stefna skal að því að Akureyrarbær verði í fararbroddi í þróun byggingarlistar og skipulagsmála á Íslandi.

Hús, mannvirki og bæjarskipulag eru veigamestu þættirnir í mótun umhverfisins og hafa þeir margs konar áhrif á líf fólks og búsetuskilyrði. Auk þess eru mikil fjárhagsleg verðmæti í húfi. Gæðaaáttak á sviði skipulags- og byggingarmála er mikilvægt tæki í samkeppninni um mannauð, fjárfestingar og ferðamenn. Þess vegna er þörf á góðum arkitektúr.

Markmið í aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018

Í Aðalskipulagi Akureyrar 1998 ? 2018 voru staðfest metnaðarfull markmið bæjarstjórnar um byggingar, bæjarmynd og bæjarumhverfi og byggist byggingarlistarstefna bæjarins á þeim:

- Nýbyggingar og breytingar á eldri byggð á Akureyri skulu teljast góð byggingarlist sem virðir og bætir bæjarmyndina. Til þess að meta hvort nýbygging eða breyting á eldri byggingu telst góð byggingarlist skal hafa eftirfarandi atriði til viðmiðunar:
 - *Byggingin feli í sér heilsteypta listræna hugmynd þar sem t.d. sé tekið tillit til ljóss og skugga, smáatriða og heildar, fjölbreytileika og samræmis, jafnvægis og hlutfalla, notagildis og hagkvæmni.*
 - *Byggingin sé í góðu samræmi við nánasta manngert og náttúrulegt umhverfi; verndi landslagið og taki tillit til þess og falli vel inn í umhverfi og götumynd.*
 - *Byggingin nýtist vel og þjóni vel hlutverki sínu.*
 - *Tekið sé mið af veðurfarsaðstæðum.*
 - *Byggingin sé öllum vel aðgengileg.*
 - *Byggingin feli í sér góða byggingartækni.*
 - *Tekið sé tillit til hagkvæmnissjónarmiða í rekstri og viðhaldi.*
 - *Tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, t.d. sparnaðar orku og auðlinda.*
 - *Breytingar á byggingum og nýbyggingar í eldri hverfum skulu metnar eftir áhrifum þeirra á yfirbragð byggðar, umferð, bílastæðapörf, útsýni og*

skuggamyndun. Byggingarnar skulu falla vel inn í þá götummynd/bæjarmynd sem fyrir er.

Allt nýtt íbúðarhúsnæði standist eftirfarandi kröfur:

- *Innra skipulagi sé þannig háttað að rými nýtist vel fyrir þær athafnir sem fram fara innan veggja heimilis.*
- *Tekið sé tillit til þess að margir ólíkir einstaklingar eigi eftir að nota íbúðina, bæði núverandi og komandi kynslóðir.*
- *Tenging við einkagarð eða sameiginlegt rými utandyra sé góð.*
- *Staðlar um aðgengi hreyfihamlaðra verði uppfylltir.*
- Skapa skal vandað og fallett búsetuumhverfi sem gefur Akureyri sérkennandi bæjarmynd og veitir íbúum vellíðan og ánægju, með góðri hönnun bygginga og íbúða- og atvinnuhverfa, vönduðum umhverfisfrágangi og varðveislu menningar- og sögulegra verðmæta sem felast í byggingum, bæjarumhverfinu og fornleifum.
- Hverfi bæjarins skulu henta sem best öllum aldurs- og þjóðfélagshópum hvað varðar húsnæði, öryggi, útivist, samgöngur og aðgengi að þjónustu. Við útfærslu nýrra hverfa verði lögð áhersla á vel skilgreind bæjarrými, skýra heildarmynd og umhverfissjónarmið.
- Vernda skal og bæta svæði eða hverfi sem hafa sérkennandi yfirbragð og eru mikilvægur hluti af bæjarmyndinni.
- Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa **byggingarlistraent eða menningarsögulegt gildi**. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgangi erinda um breytingar á byggðinni. Tryggt verði að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni.

4 Leiðir að markmiðum - framkvæmdaáætlun

Þáttur bæjarfélagsins og opinberra aðila

Opinberar byggingar eru oft þær sem mest ber á á hverjum stað. Miklir fjármunir eru bundnir í þessum mannvirkjum og því skiptir miklu að vel takist til við hönnun þeirra, byggingu og rekstur. Ábyrgð sveitarfélagsins nær ekki aðeins til þeirra bygginga sem það sjálft lætur reisa heldur er hlutverk þess sem stjórnvalds á sviði byggingar- og skipulagsmála á hverjum stað ekki síður mikilvægt. Sveitarfélag getur einnig stuðlað að framgangi góðrar byggingarlistar með hvetjandi aðgerðum, til dæmis fræðslustarfi og veitingu viðurkenninga.

Stjórnmalámönnum og stjórnendum sveitarfélags þarf að vera ljós sú ábyrgð sem þeir hafa á byggingarferlinu í heild sinni. Segja má að líf hverrar byggingar hefjist strax og hugmynd um hana fæðist. Á frumstigum hönnunar er auðveldast fyrir stjórnmalamenn að hafa áhrif á verð og gæði bygginga en eftir því sem nær dregur framkvæmdum minnkar svigrúm til breytinga. Vönduð vinnubrögð við ákvarðanatöku, forsagnargerð og annan undirbúning eru forsenda þess að vel takist til með gerð byggingar. Til að fyrirbyggja mistök er brýnt að gera vandaðar vinnureglur um hönnunar- og byggingarferlið í heild sinni.

Akureyrarbær sem byggjandi.

Sem byggjanda ber Akureyrarbæ að vera fyrirmynd annarra um vönduð vinnubrögð við ákvarðanatöku, áætlanagerð, hönnun, undirbúning, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja. Byggingar bæjarins eiga að vera í háum gæðaflokki að öllu leyti og vera góð byggingarlist. Akureyrarbær getur með vönduðum undirbúningi allrar mannvirkjagerðar og metnaðarfullum markmiðum um gæði bygginga sinna gefið tóninn þannig að byggingarfyrirtæki og almenningur geti tekið undir svo úr verði fallett hagkvæmt og vandað umhverfi, bæði innan dyra og utan.

Mikilvægt er að á Akureyri sé gott starfsumhverfi fyrir metnaðarfullar vinnustofur arkitekta, myndlistarmanna og hönnuða.

Akureyrarbær sem stjórnvald

Bæjaryfirvöldum ber að hafa skýra yfirsýn yfir alla þætti skipulags- og byggingarmála og stilla saman strengi allra þeirra sem að mótun umhverfisins koma. Þetta felur m.a. í sér að gefa gaum að samhengi hluta og að tryggja að það sem byggt er nýtt falli vel að því sem fyrir er. Mikilvægt er að tekið sé tillit til byggingarlistarlegra gæða á öllum stigum skipulags. Jafnframt ber bæjaryfirvöldum að veita það aðhald sem nauðsynlegt er til að tryggja gæði þess sem byggt er.

Akureyrarbær sem hvati

Bærinn veiti viðurkenningar fyrir vandaða hönnun og frágang nýbygginga, handverk og vönduð vinnubrögð við endurgerð gamalla húsa, o.s.frv. Menningarmálanefnd veiti árlega byggingarlistarverðlaun og verða settar sérstakar reglur þar um.

Fræðsla um bæinn og sögu hans verði eðlilegur hluti af kennslu í sjónmenntum, sögu og umhverfisfræðslu á öllum skólastigum. Skoðunarferðir um bæinn og heimsóknir í einstök hús gætu verið þáttur í slíkri fræðslu.

Virkja ber söfn bæjarins (minjasafn, listasafn) í því skyni að efla vitund bæjarbúa um sögulegan arf og sjónræn gæði í umhverfinu.

Akureyrarbær eigi frumkvæði að því að myndlistamenn verði í auknum mæli virkir í mótun og skipulagningu umhverfis og bygginga. Listamenn þurfa að vera með í hönnunarferlinu frá byrjun. Gerð myndverka í nýbyggingum og þátttaka listamanna í hönnun verði skilgreind sem hluti byggingarkostnaðar.

Þáttur einkaaðila og byggingarfyrirtækja

Góð byggingarlist verður ekki tryggð með valdboði eða stjórnvaldsaðgerðum einum saman. Viðleitni bæjaryfirvalda er lítils virði ef einkaaðilar og byggingarfyrirtæki eru ekki reiðubúin að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og gæði bygginga. Til lengri tíma litið er það hagur byggjenda að vanda vel til verka. Falleg og sterk bæjarheild mun á endanum koma öllum til góða og auka verðmæti þeirra fasteigna sem hana mynda.

Framkvæmdaáætlun

1. Tryggt skal að ákvæði byggingarlistarstefnunnar verði virk í skipulags- og framkvæmdaáætlunum á vegum bæjarins.
2. Gefinn verði út kynningarbæklingur fyrir bæjarbúa með helstu efnisatriðum byggingarlistarstefnunnar.
3. Akureyrarbær stuðli að framþróun í byggingar- og skipulagsmálum með samkeppnum um hönnun bygginga og skipulag byggðar.
4. Gerð verði áætlun um gæðastjórnun í öllu er varðar undirbúning verklegra framkvæmda og rekstur fasteigna í eigu bæjarins, þar sem markmið byggingarlistarstefnunnar verði höfð að leiðarljósi.
5. Tryggja skal byggingarlistræn gæði verka á vegum Akureyrarbæjar með því að nýta fagfólk við undirbúning og hönnun.
6. Akureyrarbær feli starfsmönnum sínum og pólitískum fulltrúum er koma að umfjöllun og samþykkt hönnunargagna vegna skipulags, nýbygginga og breytinga á eldri byggingum að meta gæði þeirra með það markmið að talist geti góð byggingarlist.
7. Leggja ber áherslu á samstarf hönnuða og myndlistamanna við undirbúning framkvæmda og hönnun bygginga.
8. Menningarmálanefnd Akureyrar veiti byggingarlistarverðlaun fyrir verk á sviði byggingarlistar og umhverfismótunar. Deildarstjóri Umhverfiseildar og Menningarfulltrúi vinni tillögu um tilhögun verðlaunanna.
9. Húsafríðunarsjóður Akureyrar verði eflidur og reglur um starfsemi hans og fjármögnun endurskoðaðar þannig að hann stuðli enn betur en nú að bættu verklagi og vinnubrögðum við endurbætur og endurbyggingu gamalla húsa. Sjóðnum verði gert kleift að styrkja einnig endurbætur á merkur síðari tíma byggingum með varðveislu þeirra í huga.
10. Skipaður verði starfshópur til að vinna tillögur um hvernig best megi stuðla að hús- og hverfisvernd í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Akureyrar. Starfshópurinn leggi drög að því hvernig unnið verði áfram að húsakönnun í samvinnu við Minjasafnið og hvernig miðla megi upplýsingum og fróðleik um rétt viðhald húsa.

11. Unnið verði og gefið út kennsluefni á grundvelli byggingarlistarstefnunnar sem nýst geti öllum skólastigum.
12. Gefið verði út fræðslukort um byggingarlist á Akureyri og sögu byggðar fyrir bæjarbúa, námsmenn og innlenda sem erlenda ferðamenn.
13. Akureyrarbær standi fyrir fræðslu um byggð og umhverfi t.d. með fræðslufundum, gönguferðum með leiðsögn og þátttöku í kennslu um byggð og umhverfi.
14. Akureyrarbær styðji við námsmenn í arkitektúr og skipulagsfræðum með því að bjóða þeim sumarstörf og starfsþjálfun og skulu slík störf auglýst sérstaklega.
15. Bærinn efni til sérstakra kynningarfunda bæði meðal hönnuða og fyrirtækja á sviði byggingariðnaðar þar sem byggingarlistarstefnan verður kynnt og rædd og leitað samvinnu við þau um framgang hennar.
16. Akureyrarbær standi reglulega fyrir ráðstefnum um byggingar- og skipulagsmál, t.d. annað eða þriðja hvert ár, samanber ráðstefnuna ?Skipulag- og byggingar á norðurslóðum? í mars 1998. Stefnt verði að næstu ráðstefnu haustið 2001 undir yfirskriftinni ?Byggingarlistarstefna ríkis og sveitarfélaga?. Ráðstefnan verði haldin í samvinnu við Umhverfisráðuneytið, Skipulagsstofnun, fagfélög hönnuða og önnur hagsmuna- eða áhugamannasamtök. Eitt af meginatriðum ráðstefnunnar verði kynning á frumkvæði Akureyrarbæjar við mótnun byggingarlistarstefnu.
17. Árangur byggingarlistarstefnunnar verði metinn og drög lögð að áframhaldandi aðgerðum til dæmis með skipun nefndar sem fylgist með framvindu þessarar áætlunar, samræmir aðgerðir og aðstoðar þá sem koma að framkvæmd hennar

Samþykkt í bæjarstjórn 12. júní 2001.